

UST202002-069

STARFSLEYFI

Framleiðsla á kalki og kalkafurðum

Íslenska kalkþörungafélagið ehf.

Lögheimili: Hafnarteigi 4, 465 Bíldudal

Kt.: 680601-2670

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Íslenska kalkþörungafélagið ehf., kt. 680601-2670, fyrir rekstur kalkþörungaverksmiðju að Hafnarteigi 4, Bíldudal. Íslenska kalkþörungafélagið ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 120.000 tonn árlega af kalki og öðrum kalkafurðum.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar og á vefsvæði eftirlitsaðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, húsnæði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif.

Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlanir um frágang ef hann telur þörf á. Í áætlunum skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu hráefni sem tilheyrir rekstrinum. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Gera skal Slökkviliði Bíldudals viðvart um stöðvunina um leið og eftirlitsaðila.

Rekstrarstöðvun eða lok rekstrar skal tilkynnt til Umhverfisstofnunar þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megí út frágang.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu hafi rekstur verksmiðjunnar legið niðri í mánuð eða lengur. Einnig skal tilkynna eftirlitsaðila ef reksturinn er stórlega skertur frá því sem búast má við.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans,

tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef starfsemi samræmist ekki gildandi deili- eða aðalskipulagi.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og gr. 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsháttum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum og að draga sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi verksmiðjunnar veldur, þ.m.t. varðandi starfshætti, hávaða, lykt, alla meðferð úrgangs og förgun. Rekstraraðili skal stuðla að góðri nýtingu efna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmiðin skulu vera hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila.

2.2 Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

2.3 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið.

Á fjögurra ára fresti skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Vestfjarða á samráðsfund. Fyrir fundinn skal rekstraraðili leggja fram yfirlit yfir framgang skilyrða starfsleyfisins. Á þessum fundum verði m.a. rætt um rekstur mengunarvarna, niðurstöður mengunarmælinga, hugsanlegar breytingar á rekstri, endurskoðun á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að koma upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til þess að ræða. Ofangreindir aðilar geta boðað til samráðsfundar oftár ef ástæða er til. Fundartími skal ákveðinn með tilliti til þess að niðurstöður vöktunar og rannsókna liggi fyrir.

2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyrar starfsemi. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Vinnusvæði, geymsla hráefna og framleiðsluvöru skulu vera lokað eða afgirt og aðgangur óviðkomandi bannaður.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) eða annað kerfi. Umhverfisstjórnunarkerfið skal fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið fjalla ítarlega um hvernig lágmarka skal ryk frá dreifðum uppsprettum, þ.m.t. uppskipun og flutning hráefna.

2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í viðbragðsáætlun skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg starfsmönnum á vinnustað og eftirlitsaðila. Viðbragðsáætlun skal endurskoða árlega.

2.7 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Í tilkynningu skal greina eftirlitsaðila frá hættu á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.9 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að jafnvirði 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.10 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megj aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir).

Besta aðgengilega tækni hefur ekki verið skilgreind fyrir nákvæmlega þá starfsemi sem hér um ræðir en besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind fyrir kalkvinnslu í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Production of Cement, Lime and Magnesium Oxide“ ásamt „Best available techniques (BAT) conclusions, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council on industrial emissions for the production of Cement, Lime and Magnesium Oxide“ sem birt var í „Official Journal of the European Union“ þann 9. apríl 2013. Horfir útgefandi starfsleyfis til þeirra viðmiða er fram koma í þeim skjölum.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

3.2 Móttaka og flutningur hráefna

Við uppdælingu og flutning á hráefnum skal rykmengun í lofti, svifagnamengun í sjó og hávaða haldið í lágmarki. Flutningur hráefna skal vera í lokuðu eða yfirbyggðu kerfi frá flutningi hráefnis frá hráefnisgeymslusvæði til og með þökkun lokaafurðar.

3.3 Hráefnisgeymslur, vörugeymslur og eldsneyti

Nota skal yfirbyggð og lokuð kerfi og/eða ryksöfnunarbúnað þar sem hættu er á rykmyndun. Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni eða framleiðsluvörur utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hættu á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Vindbrjótur skulu settir upp innan þriggja ára frá útgáfu starfsleyfisins til þess að skýla hráefnishaugum og draga þannig úr áhættu á rykmengun. Hæð hráefnishauga innan vindbrjóta skulu ekki fara yfir hæð vindbrjótanna sjálfra.

Geymslur utandyra skulu vera afgirtar eða á annan hátt lokaðar, þar sem óviðkomandi er bannaður aðgangur.

Eldsneyti skal geymt í geymum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur. Enginn mengandi efni mega leka í jarðveg.

Árekstravarnir skulu settar upp sem uppfylla ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3.4 Hönnun, rekstur og frágangur

Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri. Helstu ryk uppsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir sem uppfylla kröfur um bestu aðgengilegu tækni. Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki.

3.5 Hreinsun útblásturs

Virk hreinsun skal vera á útblæstri frá þurrkurum, t.d. með vothreinsibúnaði eða öðrum útbúnaði sem fangar efnið. Ryk sem verður til í þurrkara verksmiðjunnar skal hreinsa í hreinsivirki. Í fyrsta þrepi hreinsivirkis skal heitt loft leitt gegnum skiljur en vothreinsun taki við í seinna skrefi. Pokasíur skulu settar upp. Ef pokasíur rofna skal skrá atvikið.

Í ljósi fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar hjá verksmiðjunni skal rekstraraðili setja fram skýrar tímasettar áætlanir varðandi hreinsun á útblæstri innan við hálfu ári eftir að starfsleyfi hefur verið gefið út.

3.6 Hámarkslosun í útblæstri frá þurrkurum

Eftirfarandi losunarmörk gilda fyrir útblástur frá þurrkurum:

<i>Mengunarpáttur</i>	<i>Losunarmörk (dagleg meðalgildi miðað við eðlilegt loftmagn frá starfseminni)</i>
Ryk	20 mg/Nm ³

Skorsteinahæð, hiti útblásturs og útblásturshraði skulu duga til að uppfylla ákvæði laga og reglugerða um loftgæði. Tölurnar miðast við dagleg meðalgildi.

3.7 Rykmengun frá öðrum uppsprettum

Meðferð efna í ferlum sem geta valdið rykmengun skal fara fram í lokuðum rýmum eða eiga sér stað þar sem afsog tengist hreinsun ryks, sbr. einnig ákvæði í gr. 3.5.

3.8 Frárennsli

Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp og lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt.

3.9 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin losar í vatnshlotið Arnarfjörð nr. 101-1384-C. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna reksturs verksmiðjunnar. Rekstur má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi strand- og hafsvæðis hvað varðar líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. gr. 1.6, ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.10 Setlón

Þvottavatn, vatn og frákast frá löndun skal leitt í setlón. Styrkukning svifagna í sjó fyrir utan setlón við uppdælingu á hráefni skal vera minna en 2 mg/l. Frákastið má geyma að hámarki í eitt ár í setlóni. Einungis er leyfilegt að varpa hráefnum í hafið með tilteknu leyfi frá Umhverfisstofnun.

3.11 Olíuskiljur

Frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal leitt í olíuskilju. Gott aðgengi skal vera til sýnatöku vegna frárennslis frá þeim. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Gerð olíuskilja skal miðast við að ákvæði gr. 3.11 séu uppfyllt. Aðstaða skal vera til að taka sýni af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

3.12 Meðhöndlun úrgangs

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem notuð verða eða verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.13 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá verksmiðjunni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Einangrun skal aukin í þurrkararými og endurnýja skal einangrun í blásarastokki frá þurrkara í vatnshreinsikerfi. Rekstraraðili skal hægja á viftum og öðru sem framkalla hávaða frá verksmiðjunni.

Hávaði skal ekki mælast yfir 40 dB á næturnar (frá kl. 23-07), 50 dB yfir daginn (frá kl. 07-23) við húsvegg íbúðarhúsnaðis á íbúðarsvæðum og 70 dB við húsvegg iðnaðarsvæðis allan sólahringinn.

Ef ekki tekst að halda hljóðstigi undir mörkum á nóttinni getur Umhverfisstofnun farið fram á stöðvun framleiðslu verksmiðjunnar á þeim tíma sólahrings.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni:

- Yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,

- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- velja vélbúnað sem síður veldur hávaða,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

3.14 Lyktarmengun

Gera skal ráðstafanir til að varna því að lykt berist frá framleiðslustarfsemi, þannig að hún finnist ekki utan iðnaðarsvæðis.

3.15 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunun skv. grein 2.7.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, sjó, yfirborðsvatn eða grunnvatn.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- tæmingu olíuskilja ásamt staðfestingu á förgun efnis úr þeim,
- magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar,
- prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- magn og gerð efnis sem er sent er til spilliefnamóttöku,
- gögn vegna ákvæða gr. 4.5 um umhverfisupplýsingar,
- niðurstöðum mælinga skv. gr. 4.2,
- heildarlosun ryks hvert ár (kg/ár) skv. gr. 4.4,
- afrit af tilkynningu um flutning frákasts úr setlóni skv. gr. 3.10.

4.2 Mælingar

Fullnægjandi aðstaða til mælinga skal vera til staðar. Upplýsingar um framkvæmd mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal framfylgja eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli-/sýnatökustaðir	Mælipættir	Tíðni
Ryk	Í reyk háfum	mg/Nm ³	Tvisvar sinnum á ári meðan verksmiðjan er í fullum rekstri.
Svifagnir	Í sjó fyrir utan setlón samkvæmt korti í viðauka 2	Styrk aukning í mg/L	Tvisvar sinnum á ári á hverjum mælipunkti fyrir og eftir dælingu

			hráefna. Ekki skal taka meðaltal af mælingum.
Hávaði	a) við lóðarmörk við norðurhorn verksmiðjuhúsnæðis b) við suð-vestur húsvegg Tjarnarbrautar 10	dB(A)	Mæla skal hávaða daglega, bæði morgna og kvölds meðan verksmiðjan er í rekstri, milli kl. 07-19, 19-23 og 23-07. Mælingar skulu teknar saman tvisvar á ári og settar fram á formi mælinga en ekki dynlínukorts.
Setmyndun	Sjávarbotn utan við setlón	Myndataka og skrifleg lýsing á botni ásamt rannsókn á botnkjörnum	Tíu kjarnasýni tekin af botnseti, fjórða á hvert ár

4.3 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

4.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga skv. gr. 4.1. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.4. Skilafrestur framlengist þó ekki við það.

4.6 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga ef farið er fram á þær auk vöktunar ef ástæða er til að halda að mengun umhverfis sé yfir mörkum sem gefin eru í starfsleyfi. Umhverfisstofnun getur krafist mælinga á kostnað rekstraraðila ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka I, lið 3.1 b. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka I, lið 3.1 b.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna frávíka eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem veitt er samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 29. janúar 2037.

Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra leyfi Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. fyrir framleiðslu á 85.000 tonnum gefið út af Umhverfisstofnun þann 11. maí 2018.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal 3.

Reykjavík 29. janúar 2021

Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skiladaga:


Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í grein 4.4 segir að að rekstraraðili skuli senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga samkvæmt grein 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

VIÐAUKI 2

Staðsetning sýnatöku vegna svifagna:



Hnitalisti – ISN93

pkt	Austur	Norður	pk	Austur	Norður
1	289029	584219	3	289025	584049
2	289062	584176	4	288951	583995

FYLGISKJAL 1

Ákvörðun losunarmarka:

Losunarmörk á ryki er fram koma í grein 3.6 eru ákvörðuð með hliðsjón af skjalinu „Best available techniques (BAT) conclusions, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council on industrial emissions for the production of Cement, Lime and Magnesium Oxide“ og fyrri starfsleyfum Umhverfisstofnunar.

Mörkin sem koma fram í grein 3.9 um styrkukningu svifagna í sjó eftir uppdælingu hráefna eru ákveðin með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ.

FYLGISKJAL 2

Krafa um að skylt sé að reka umhverfisstjórnunarkerfi:

Krafa um skyldu til að reka umhverfisstjórnunarkerfi er byggð á 36. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er segir: „Ábyrgðaraðilar starfsleyfisskylds atvinnurekstrar, sbr. viðauka I–IV, sem hefur í för með sér losun mengandi efna í andrúmsloft skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. með umhverfisstjórnun og hreinsibúnaði, til að draga úr slíkri losun eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð.“

Einnig er krafa um að reka umhverfisstjórnunarkerfi almenn BAT-krafa sem gildir fyrir þær verksmiðjur sem falla undir „Best available techniques (BAT) conclusions, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council on industrial emissions for the production of Cement, Lime and Magnesium Oxide“ sem birt var í „Official Journal of the European Union“ þann 9. apríl 2013.

FYLGISKJAL 3

Greinargerð með útgáfu starfsleyfis dags. 29. janúar 2021 fyrir Íslenska kalkþörungafélagið ehf. til framleiðslu á kalki og kalkafurðum

1. Almennt

Þann 7. febrúar 2020 barst Umhverfisstofnun umsókn frá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. um að auka framleiðslu sína úr 85.000 í 120.000 tonn á ári af kalki og öðrum kalkafurðum í kalkþörungaverksmiðju að Hafnarteigi 4, Bíldudal. Óskað var eftir frekari upplýsingum og þann 8. júní 2020 samþykkti Umhverfisstofnun að umsóknin væri fullnægjandi.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 13. nóvember til 14. desember 2020, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar 550/2018. Tilkynning um auglýsinguna var send til rekstraraðila, Vesturbyggðar og heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

2. Afstaða til matskyldufyrirspurnar

Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um fyrirhugaða framleiðsluaukningu í verksmiðju fyrirtækisins í Bíldudal, barst Skipulagsstofnun þann 5. apríl 2019, í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umhverfisstofnun veitti umsögn þann 8. maí og 20. ágúst 2019 um framleiðsluaukninguna þar sem m.a. var bent á að álag á lífræna þáttinn muni aukast talsvert við hraðara efnisnám. Gera megi ráð fyrir því að hraðari efnistaka muni valda miklu álagi á vistkerfi hafsbotnsins og að gruggmyndun verði meiri, en gruggmyndun hafi skaðleg áhrif á kalkþörunguna. Umhverfisstofnun ítrekaði það sem fram kom í umsögn stofnunarinnar um tilkynningu framkvæmdaraðila árið 2016 þar sem vísað hafi verið í skýrslu OSPAR-nefndarinnar frá 2010 OSPAR's vision is of a clean, healthy and biologically diverse North-East Atlantic used sustainably. Fram komi í skýrslunni að kalkþörungabreiður teljist mikilvæg búsvæði fyrir ýmsar sjávarlífverur og telur Umhverfisstofnun OSPAR taka skýrt fram að merki séu um hnignun kalkþörungabúsvæða á Íslandi og því vert að sýna aðgát við framkvæmdir sem hafa áhrif á þau. Nám kalksetsins á hafsbotni auk aukinna umsvifa verksmiðjunnar við framleiðsluaukningu sé, að mati Umhverfisstofnunar, líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og ætti því að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Starfsleyfi þetta varðar framleiðsluaukningu en ekki kalkþörunganámið (efnisnámið). Leyfi til efnisnáms er háð efnistöku Leyfi Orkustofnunar.

Þar sem upphafleg áform Íslenska kalkþörungafélagsins um nám kalkþörunguna í Arnarfirði undirgengust mat á umhverfisáhrifum á árunum 2001-2003, var það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ítrekuð frávík frá starfsleyfi hafa komið upp vegna núverandi framleiðslu kalkafurða í verksmiðju Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Til að ráða bót á þeim vandamálum sem verið hafa á rekstri verksmiðjunnar hefur framkvæmdaraðili sett fram úrbótaáætlun. Frávikin hafa verið af ýmsum toga en það eru fyrst og fremst tvö atriði sem hafa verið í ólagi sem Skipulagsstofnun telur rétt að horft sé til varðandi fyrirhugaða framleiðsluaukningu og möguleg umhverfisáhrif. Það eru hávaði og ryk í útblæstri frá verksmiðjunni. Þar af leiðandi taldi Skipulagsstofnun ekki þörf á að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar vegna mögulegrar gruggmyndunar en að rétt sé að bíða með að veita heimild til framleiðsluaukningar á meðan frávík vegna gruggmyndunar frá núverandi starfsemi er óleyst.

Auk hávaða og ryks í útblæstri hefur grugg við hafnarsvæði, sem rekja má til setlóns fyrirtækisins, mælst ofan viðmiðunarmarka starfsleyfis. Að mati Skipulagsstofnunar er þó ólíklegt að grugg frá setlóni hafi veruleg umhverfisáhrif. Þar af leiðandi taldi Skipulagsstofnun ekki þörf á að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar vegna mögulegrar gruggmyndunar en að rétt sé að bíða með að veita heimild til framleiðsluaukningar á meðan frávík vegna gruggmyndunar frá núverandi starfsemi er óleyst.

Umhverfisstofnun hefur unnið starfsleyfi þar sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið lagt til grundvallar leyfisveitingu. Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi, við útgáfu leyfis til framkvæmdar, kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðunina um matsskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið ítarlega tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðun Skipulagsstofnunar og telur að framkvæmdin sé í samræmi við það.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu ákvörðunar Skipulagsstofnunar. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telur rétt að bíða með að veita heimild til framleiðsluaukningar á meðan frávík vegna útblásturs, ryks og gruggmyndunar frá núverandi starfsemi eru óleyst. Umhverfisstofnun telur að frávík starfseminnar í eftirliti eigi ekki að stöðva útgáfu starfsleyfisins fyrir framleiðsluaukningu þar sem frávikunum verður fylgt eftir samkvæmt lögum og reglugerðum. Samkvæmt lögum um hollustuhætti og

mengunarvarnir er heimilt að veita áminnngu, beita dagsektum og stöðva starfsemi eða svipta starfsleyfi ef frávik eru alvarleg. Eftirfylgni frávíka rekstraraðila er í farvegi hjá stofnuninni.

Nýtt gæða og umhverfisstjórnunarkerfi hefur verið innleitt í verksmiðjunni sem stofnunin tók út í eftirlit 29. október 2020. Umhverfisstjórnunarkerfið tekur á þeim kröfum sem settar eru fram í starfsleyfinu en reynsla á eftir að koma á hvernig gengur að halda skráningar og verkskipulagi til að bæta umhverfisstjórnun í fyrirtækinu. Umhverfisstofnun mun áfram fylgja eftir innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfinu í reglubundnu eftirliti.

Ryk í útblæstri. Frávik hafa verið skráð vegna ryks umfram starfsleyfismörk í útblæstri í eftirliti sl. fimm ár: 20. ágúst sl., 21. maí 2019, 28. febrúar 2019, 15. nóvember 2018, 20. október 2017 og 15. ágúst 2016. Í öllum tilvikum hefur rekstraraðili lýst að um tímabundið ástand sé að ræða vegna rekstrarörðugleika í hreinsivirkinu. Rekstraraðili hefur upplýst eftirlitsaðila á eftirlitsfundi að betur sé haldið utan um skráningar á rekstri hreinsivirkisins í nýuppsettu umhverfisstjórnunarkerfi. Umhverfisstofnun hefur beint til rekstraraðila að leggja fram greiningu á virkni hreinsivirkisins og hversu títt atvik koma upp þar sem að hreinsivirkid nær ekki að fanga ryk með fullnægjandi hætti. Umhverfisstofnun hefur bætt er við kröfu í starfsleyfið sem tengist frávikum þar sem t.a.m. er sett krafa í gr. 3.3. að vindbrjótur skulu settir upp innan þriggja ára frá útgáfu starfsleyfisins til þess að skýla hráefnishaugum og draga þannig úr áhættu á rykmengun. Þá er lögð skylda á rekstraraðila í gr. 2.5 að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi.

Aukning svifagna við dælingu í setlón hafa mælst yfir 2 mg/l í mælingum 2020, 2019 og 2018. Það er þó mismunandi í hve mörgum punktum styrkukningin er yfir 2 mg/l og í sumum tilvikum hefur styrkur svifefna mælst minni eftir dælingu en fyrir. Rekstraraðili telur að styrkukninguna megi rekja til annarrar starfsemi á svæðinu. Áfram verður fylgst með magni svifagna í eftirliti.

3. Athugasemdir á auglýsingatíma starfsleyfistillögunnar

Ein umsögn barst á auglýsingatíma frá heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Gerðar eru þrjár athugasemdir.

- Í fyrsta lagi gr. 3.6 um hámarkslosun í útblæstri frá þurrkara, þar sem bent er á að verksmiðjan hafi nánast aldrei uppfyllt skilyrði sem fram koma í starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisnefnd leggur til að setja ríkari áherslur á mælingar á ryki frá verksmiðjunni og tryggja að mælingar séu framkvæmdar þegar verksmiðjan er í fullum afköstum. Þá er lagt til að Umhverfisstofnun skoði hvort staðsetja eigi mælistöð til að mæla svifryk í Bíldudal í eitt eða tvö ár. Því er lagt til að tryggt verði að fylgst verði betur með útblæstri og rykmengun frá verksmiðjunni.
 - Umhverfisstofnun gerir kröfur til rekstraraðila um mælingar í starfsleyfi en það er á ábyrgð rekstraraðila að tryggja að starfsemin sé rekin í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerða settra samkvæmt þeim og starfsleyfi, sbr. 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 56. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
 - Hvað varðar uppsetningu mælistöðva er gerð krafa um umhverfisstjórnunarkerfi sem felur í sér að rekstraraðili eigi að skrá virkni

- hreinsibúnaðar. Umhverfisstofnun telur umhverfisstjórnunarkerfi vera markvisst utanumhald til að mæla losun frá uppsprettum.
- Umhverfisstofnun er með til skoðunar hvort loftgæðastöð til að mæla í umhverfinu gæti verið skynsamleg viðbót en því verður ekki bætt við starfsleyfið heldur verður það ákveðið í tengslum við eftirlit.
 - Í öðru lagi gr. 3.12 um meðhöndlun úrgangs, þar sem stór haugur af rykúrgangi í stórsekkjum er við verksmiðjuhlið. Í tillögu að starfsleyfi gerir ákvæðið ráð fyrir að hráefni sé flutt í lokuðu kerfi og vindbrjótar settir upp til að draga úr áhættu af rykmengun frá hráefnishaugum. Það ætti að vera til bóta en miðað við hæð hráefnishaugs þá er vafasamt að slík mannvirki komist fyrir á lóðinni. Því er lagt til að tryggur farvegur sé fyrir úrgang frá verksmiðjunni en hann ekki látinn hlaðast upp við verksmiðjuhlið.
 - Ein forsenda þess að framkvæmdin var ekki talin vera háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu var uppsetning vindbrjóta. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur fram að rekstraraðili hafi boðað að uppsetning vindbrjóta gæti hamið fok úr efnishaugum verksmiðjunnar og lægri haugum. Umhverfisstofnun telur því rétt að setja kröfu um vindbrjóta í starfsleyfi en því verður fylgt eftir í eftirliti.
 - Til að víkja frá kröfu um vindbrjóta hefur Umhverfisstofnun leiðbeint Kalkþörungafélaginu að senda þurfi fyrirspurn á Skipulagsstofnun um það hvort taka þurfi upp ákvörðun um matsskyldu stækkunar verksmiðjunnar vegna raun ástands fokvarna á svæðinu.
 - Í þriðja lagi gr. 3.13 um hávaða og titring, þar sem lagt er til að gera kröfu um stefnuvirka hljóðnema þannig að hægt sé að ákvarða þá sem eiga hávaðann. Því er lagt til að tryggt verði að hávaðamörk séu haldin.
 - Hvað varðar kröfu stefnuvirka hljóðnema mun Umhverfisstofnun taka athugasemdina til skoðunar í eftirliti.
 - Frávik vegna hávaða hafa verið skráð í eftirliti 2018, 2019 og hefur rekstraraðili gripið til ýmissa úrbóta í verksmiðjunni til að bregðast við því. Samkvæmt skráningum á mældum hávaða við íbúabyggð (leikskóla) mælist hávaði yfir reglugerðarmörkum fyrir hávaða í íbúabyggð en rekstraraðili telur hann stafa af annarri starfsemi á svæðinu. Umhverfisstofnun telur það ekki liggja ljóst fyrir hvort hávaðinn stafar eingöngu frá starfsemi Kalkþörungafélagsins eða hvort hávaðinn sé jafnframt að berast frá hafnarsvæðinu. Umhverfisstofnun er með þetta til skoðunar og mun fylgja því eftir í eftirliti.
 - Í starfsleyfi er gerð krafa um umhverfisstjórnunarkerfi, sem er mikilvægur þáttur til að greina m.a. uppsprettur og hávaða frá starfseminni.

4. Aðrar leyfisveitingar vegna starfseminnar

Íslenska kalkþörungafélagið er með nýtingarleyfi til kalkþörunganáms í Arnarfirði frá Orkustofnun, áður vinnsluleyfi, gefið út af iðnaðarráðuneytinu árið 2003, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnunar veitti leyfi dags. 24. september 2020 leyfi til að varpa í hafið allt að 6.000 m³ af efni úr setlóni við verksmiðjuna á skilgreindan losunarstað út af Kópsnesi við mynni Arnarfjarðar. Árið 2016 veitti stofnunin jafnframt leyfi til varps í hafið en hluti af því leyfi er enn ónýtt.

5. Breytingar frá auglýstri tillögu

Greinargerðin var rituð við útgáfu starfsleyfisins. Gerðar voru eftirfarandi breytingar:

- Í gr. 3.3 um hráefnisgeymslur, vörugueymslur og eldsneyti var bætt við að rekstraraðili eigi að ljúka uppsetningu vindbrjóta „innan 3 ára frá útgáfu starfsleyfisins“.
- Í gr. 4.4 var skýrt nánar að um er að ræða ársskýrslu.
- Í gr. 4.5. var tekin út tilvísun í grænt bókhald og útstreymisbókhald þar sem umhverfisupplýsingar koma í staðinn.
- Í kafla 6 var bætt við: „með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra leyfi Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. fyrir framleiðslu á 85.000 tonnum gefið út af Umhverfisstofnun þann 11. maí 2018“.

6. Gildistaka

Starfsleyfið er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það öðlast þegar gildi og gildir til 29. janúar 2037.